



Fundargerð

147. fundur svæðisráðs suðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs, haldinn í Ráðhúsinu á Höfn og í fjarfundi, mánudaginn 8. september kl. 10:00

Fundinn sátu:

Eyrún Fríða Árnadóttir, formaður, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Þóra Björg Gísladóttir, varaformaður, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Lilja Jóhannesdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka
Tinna Rut Sigurðardóttir, aðalfulltrúi ferðamálasamtaka
Guðrún Inga Bjarnadóttir, aðalfulltrúi útivistarsamtaka

Friðrik Jónas Friðriksson, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar boðaði forföll

Hrafnhildur Ævarsdóttir, þjóðgarðsvörður í Skaftafelli
Þórhallur Jóhannsson, starfandi þjóðgarðsvörður á Höfn
Linda Björk Hallgrímsdóttir, aðstoðarþjóðgarðsvörður í Skaftafelli
Charlotte Emma Jadwiga Brzeski, aðstoðarþjóðgarðsvörður á Höfn
Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri Náttúruverndarstofnunar

Gestir:

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir, teymisstjóri leyfa og samninga á stjórnunar- og verndarsviði
Sigurður Óskar Jónsson, sérfræðingur á þróunarsviði

Formaður bar upp tillögu að breytingu á áður auglýstri dagskrá. Samþykkt samhljóða.

1. Íshellaferðir og jöklagöngur - auglýsing um úthlutun leyfa - haust 2025 - 202502-0113

Tinna Rut Sigurðardóttir vék af fundi undir þessum lið.

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir og Sigurður Óskar Jónsson komu inn á fundinn undir þessum lið og gerðu grein fyrir stöðu mála.

Umræða um lokastig samningsgerðar vegna íshellaferða og jöklagangna.

Tinna Rut Sigurðardóttir kom aftur til fundar.

2. Samningar um siglingar á Jökulsárlóni - bréf frá ráðuneyti - 202506-0155

Lagt fram bréf umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis þess efnis að ráðuneytið geri ekki athugasemd við að samningar um siglingar á Jökulsárlóni verði framlengdir að nýju um eitt ár, eða út árið 2026. Enn fremur er lögð á það áhersla að unnið verði markvisst áfram að undirbúningi málsins þannig að útboð geti farið fram í haust. Samningar um siglingar hafa verið framlengdir til eins árs.

Svæðisráð leggur áherslu á að vinna við framtíðaruppbyggingu við Jökulsárlón gangi hratt fyrir sig. Svæðisráðs efast um að eins árs framlenging dugi til þess að ljúka þeirri vinnu sem þarf til þessa. Mikilvægt sé að tryggja fyrirsjáanleika í rekstri fyrirtækja á svæðinu. Enn fremur þarf að leggjast í fjölbreyttar rannsóknir á svæðinu svo hægt sé að meta ásættanlegt umfang siglingastarfsemi.

3. Jöklaeftirlit landvarða - suðursvæði - Vatnajökulspjóðgarður - 202505-0026

Þjóðgarðsverðir fóru yfir reynslu af jöklaeftirliti sumarið 2025, undirbúningsvinnu fyrir veturinn 2025-2026 og næstu skref.

Til kynningar. Svæðisráð þakkar góða kynningu á jöklaeftirliti á suðursvæði þjóðgarðsins.

4. Suðursvæði - viðbragðsvakt Örafum - 2025 - Vatnajökulspjóðgarður - 202503-0303

Þjóðgarðsvörður í Skaftafelli fór yfir samstarfið við viðbragðsvakt Heilbrigðisstofnunar Suðurlands sumarið 2025.

Til kynningar. Svæðisráð áréttar mikilvægi þess að finna þessu verkefni farveg til framtíðar.

5. Suðursvæði - öryggismál 2025 - 202509-0028

Þjóðgarðsverðir fóru yfir atvik á svæðunum sumarið 2025, tölfræði þeirra og áhrif á starfsemi.

Til kynningar. Svæðisráð þakkar kynningu og yfirferð á ferli atvikaskráninga innan Náttúruverndarstofnunar og lýsir yfir ánægju sinni með þá vinnu sem er í gangi til þess að bæta innviði á svæðum þar sem slys eiga sér stað.

6. Skaftafell - Nýtt deiliskipulag - 202502-0047

Þjóðgarðsvörður í Skaftafelli fór yfir stöðuna í skipulagsvinnu fyrir framtíðarsýn í Skaftafelli og næstu skref.



7. *Lagt fram til kynningar. Svæðisráð þakkar fyrir upplýsingar um stöðu á skipulagsvinnu í Skaftafelli.* **Suðursvæði - skýrsla þjóðgarðsvarða 2025 - Vatnajökulspjóðgarður - 202502-0073**

Þjóðgarðsvörður í Skaftafelli fór yfir starfsemi á svæðinu í sumar. Sumarið gekk vonum framar og mikið áunnist í uppbyggingu göngustíga. Eins lauk vinnu við leikvöll á tjaldsvæðinu og nýtt matarskýli reist. Vinna við verkefni úr Landsáætlun um uppbyggingu innviða er í fullum gangi, m.a. viðgerð á brú við Svartafoss og skipulag í Skaftafelli. Fjallaskóli Íslands (Fjallamennskunám Framhaldskólans í Austur Skaftafellssýslu) hefur tekið til starfa og á í góðu samstarfi við Náttúruverndarstofnun.

Þjóðgarðsvörður á Höfn fór yfir starfsemina á svæðinu í sumar. Síðasti hópur sjálfbóðaliða er farinn af svæðinu og hafa tekið þátt í mikill innviðauppbyggingu á Jökulsárlóni. Hópur úr umhverfis- og auðlindafræði Háskóla Íslands kom í heimsókn og fékk kynningu á starfsemi Vatnajökulspjóðgarðs. Fleiri ferðamenn safnast fyrir á brúnni yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi en venjulega. Lagfæringar í kringum Jökulsárlón ganga vel.

Til kynningar.

Fundargerð ritaði: Hrafnhildur Ævarsdóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 12:05.